

19. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

3. gr. 4. liður nefndra laga 1. febrúar 1917 orðist þannig:

Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi. Landsstjórnin ákveður sjálf hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögunum frá 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum vantar heimild til að taka aðrar vörur en matvæli og eldsneyti eignarnámi, en vegna siglingateppunnar þótti nauðsynlegt að fá heimild fyrir landsstjórnina til þess að taka einnig aðrar nauð-

synjavörur eignarnámi og var sú heimild fengin með bráðabirgðalögum 26. febrúar þ. á. samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnskipunar­laga 19. júní 1915 er hjermeð lagt fyrir alþingi.

Fylgiskjal

Bráðabirgðalög

um

breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð upp hefur verið borið fyrir Oss, að í lögum 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, vanti heimild til að taka aðrar vörur en matvæli og eldsneyti eignarnámi, en óhjákvæmilegt hafi nú reynst, að landsstjórnin fái heimild til að taka einnig aðrar nauðsynjavörur eignarnámi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunar­laga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

3. gr. 4. liður nefndra laga 1. febrúar 1917 orðist þannig:

Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi nauðsynjavörur hjá kaup­mönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi. Landsstjórnin ákveður sjálf hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. febrúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sigurður Jónsson.